

**Alþingi**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 1. mars 2007

*Efni: Tillaga til þingsályktunar um mat á heildararðsemi stjóriðju- og stórvirkjanaframkvæmda (19. mál)*

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem gerir ráð fyrir því að könnuð verði efnahagsleg áhrif stóriðju.

Viðskiptaráð hefur áður rökstutt þá afstöðu sína að það sé ekki hlutverk ríkisins að skapa atvinnu, t.d. með stóriðju, heldur aðeins að skapa hér hagfelld rekstrarskilyrði fyrir fyrirtæki. Það er í stuttu máli vegna þess að dæmin sanna að einkaaðilum er best treystandi til þess að skapa atvinnu og starfrækja atvinnustarfsemi. Þeir eru líklegri en ríkið til að láta eðlileg sjónarmið, eins og arðsemi, ráða för en ekki annarleg sjónarmið, eins og pólitík. Þess vegna er það heldur ekki hlutverk ríkisins að velta sér upp úr arðsemi slíkrar starfsemi. Ef þörf er á úttekt að því tagi sem mælt er fyrir um í tillögunni er eðlilegt að hún sé framkvæmd og kostuð af einkaaðilum sem njóta arðs af slíkum framkvæmdum en sé ekki lögð á skattgreiðendur.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



---

Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs